

## Dagur íslenskrar tungu 2004

Frá árinu 1996 hefur menntamálaráðuneyti beitt sér fyrir því, á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar 16. nóvember, að hvetja landsmenn til að huga að íslenskrri tungu og minnst [dags íslenskrar tungu](#) með ýmsum hætti.

Frá upphafi hefur menntamálaráðuneyti ávallt staðið fyrir sérstakri hátíðardagskrá þar sem menntamálaráðherra veitir [verðlaun Jónasar Hallgrímssonar](#) þeim einstaklingi sem þykir hafa unnið íslenskrri tungu gagn í ræðu eða riti, með skáldskap, fræðistörfum eða kennslu og stuðlað að eflingu hennar, framgangi eða miðlun til nýrrar kynslóðar. Einnig eru veittar sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskrar tungu.

Undanfarin ár hefur menntamálaráðuneyti staðið fyrir hátíðardagskrám í tilefni dagsins innan sem utan höfuðborgarsvæðisins, m.a. á Selfossi, í Reykholti og á Egilsstöðum. Að þessu sinni var hátíðardagsráin í Safnahúsinu á Ísafirði.

Að tillögu ráðgjafanefndar dags íslenskrar tungu veitti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, Silju Aðalsteinsdóttur verðlaun Jónasar Hallgrímssonar 500 þús. kr. og ritsafn Jónasar Hallgrímssonar í skinnbandi. Verðlaunin veitir Menningarsjóður Íslandsbanka og Sjóvá-Almennar. Í rökstuðningi ráðgjafanefndarinnar segir m.a.: „Silja hefur lengi sinnt íslenskrri tungu og menningu af dugnaði, metnaði og alúð. Árið 1981 kom út eftir hana íslensk barnabókmenntasaga, sú eina sem skrifuð hefur verið hér á landi og er mikið brautryðjendaverk, en þar er fjallað um barnabækur 1780-1979. Silja vakti mikla athygli ungs fólks fyrir bók sína um Bubba árið 1990 en eitt merkasta rit hennar er án efa ævisaga Guðmundar Böðvarssonar. Fyrir þá bók hlaut hún Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 1994. Silja hefur verið barnabókarietjóri, afkastamikill þýðandi og er afbrigðis upplesari. Einkennandi fyrir allt hennar starf er víðsýni,

frjó hugsun og, umfram allt, smitandi áhugi.”

### Kvæðamannafélagið Iðunn og Strandagaldur fá viðurkenningar

Auk þess veitti menntamálaráðherra Kvæðamannafélaginu Iðunni og Strandagaldri viðurkenningar fyrir framlag þeirra og stuðning við íslenska tungu. Viðurkenningahafar fengu að gjöf listaverk eftir Brynhildi Þorgeirsdóttur. Í rökstuðningi ráðgjafanefndar segir um Kvæðamannafélagið Iðunni:

„Kvæðamannafélagið Iðunn var stofnað 15. september árið 1929 og hefur tilgangur þess frá upphafi verið að æfa kveðskap og safna rímalögum og alþýðuvísu. Félagið hefur um áratuga skeið haldið á lífi sérstæðum kvæða- og tónlistararfi Íslendinga og gefið ungu fólki tækifæri til að kynnastrá honum. Á 75 ára afmæli sínu, hinn 15. september sl. gaf félagið út fjóra geisladiska með 200 fyrstu stemmunum sem teknar voru upp á silfurplötur á árunum 1935-1936. Slík útgáfa er ómetanleg heimild um þennan menningararf. Kvæðamannafélagið Iðunn fær viðurkenningu fyrir starf sitt á degi íslenskrar tungu 2004.”

Um Strandagaldur segir m.a. í rökstuðningi ráðgjafanefndarinnar: „Strandagaldur er menningar- og fræðslustofnun. Tilgangur hennar er að standa að rannsóknum og draga saman vitneskju um galdraöldina á Íslandi, þjóðsagnir, hugmyndaheim og menningararf Strandasýslu sem tengist göldrum, á eigin vegum eða í samstarfi við aðra. Stefnt er að stofnun fræðaseturs um menningararf Strandamanna.

Strandagaldur stendur fyrir fjölbreyttri starfsemi. Þekktust er líklega Galdrasýning á Ströndum, lifandi og galdraöldin sýning á Hólmavík og í Bjarnarfirði. Sýningin var einnig sett upp í Norræna húsinu í október sl. og voru margvíslegir menningarviðburðir skipulagðir í tengslum við hana. Strandagaldur hefur gefið út fræðsluefni um hjátrú og galdra í bókarformi, á geisladiskum og á vönduðum vef, og má sérstaklega nefna nýlegan margmiðlunardisk um íslensk galdramál og þjóðtrú tengda



Afhending Verðlauna Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu

göldrum sem tilnefndur var af Íslands hálfu sem besti diskurinn í flokki menningar.... Fyrir þetta fær Strandagaldur viðurkenningu á degi íslenskrar tungu 2004.”

Í tengslum við veitingu [verðlauna Jónasar Hallgrímssonar](#) á Ísafirði, heimsótti menntamálaráðherra Leikskólann Sólborg, Menntaskólann á Ísafirði, Tónlistarskóla Ísafjarðar og Edinborgarhúsið á Ísafirði. Óhætt er að segja að frá því að ákveðið var árið 1996 að 16. nóvember yrði dagur íslenskrar tungu ár hvert hefur menntamálaráðuneyti í góðu samstarfi við skóla stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga tekið að gera fæðingardag Jónasar Hallgrímssonar að ákveðnum hátíðisdegi í hugum flestra okkar. Menntamálaráðuneyti leyfir sér að þakka sérstaklega Íslenskrri málstöð fyrir þátt sinn í framkvæmd dagsins, sem og öllum þeim sem gáfu sér tólm til að minnst dagsins með margvíslegu móti. Upplýsingar um þá sem hafa hlotið [verðlaun Jónasar Hallgrímssonar](#) er að finna á vef dags íslenskrar tungu.



### Landsnefnd um konur í vísindum skipuð

Landsnefnd um konur í vísindum var skipuð í lok september á þessu ári og er liður í framkvæmd jafnréttisáætlunar ríkisstjórnarinnar árin 2004-2008.

Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir markmiðinu um að vinna að aukinni þátttöku kvenna í vísindum og vera til ráðgjafar um stöðu kvenna í rannsókn- og vísindastarfi. Ætlunin er að safna nýjum tölulegum upplýsingum um mat og þróun þessara mála á tímabilinu, greina þær upplýsingar og skilgreina hindranir sem standa í vegi fyrir jafnræði milli kynjanna, hvort sem um er að ræða námsval eða framgang í starfi og koma með tillögum um aðgerðir á þeim grundvelli.

Átak til að tryggja jafnrétti á sviði vísinda og rannsókna snýst ekki eingöngu um að standa vörð um réttindi allra þegna óháð kynferði heldur er það aðferð til að efla sjálf vísindin og fullnýta mannauð kvenna og karla þar sem menntun og þekking kvenna virðist oft fara forgörðum við núverandi aðstæður. Áhrifaleysi kvenna í vísindum hefur í för með sér að samfélagið fer á mis við hugmyndir þeirra og fjárfesting skattgreiðenda í menntun kvenna

skilar ef til vill ekki sambærilegum arði og menntun karla. Þessu skal breytt og liður í því er starf nefndarinnar við að greina þessar hindranir og koma með tillögum til úrbóta.

Nefndin er þannig skipuð: Edda Lilja Sveinsdóttir, formaður og fulltrúi Íslands í Helsinkiþópnum, án tilnefningar, Bryndís Brandsdóttir, tilnefnd af Samstarfsnefnd háskólastigsins, Erla Skúladóttir, tilnefnd af Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu, Halla Jónsdóttir, tilnefnd af Impru nýsköpunarmiðstöð, Páll Vilhjálmsson, tilnefndur af Rannsóknamiðstöð Íslands, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, tilnefnd af Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafraeðum og Sigríður Vilhjálmisdóttir, fulltrúi Íslands í tölfræðihóp Helsinkiþópsins, tilnefnd af Hagstofu Íslands.

